



Guðbjörg Lind Jónsdóttir.

Guðbjörg Lind í Ný- höfn

Nú eru síðustu forvöð að skoða málverkasýningu Guðbjargar Lindar Jónsdóttur sem stendur yfir í listasalnum Nýhöfn, Hafnarstræti 18.

Á sýningunni eru verk unnin með olíu á síðastliðnum tveimur árum.

Guðbjörg Lind er fædd á Ísafirði árið 1961. Hún stundaði nám í

Sýningar

Myndlista- og handíðaskóla Íslands og útskrifaðist frá málara-deild árið 1985.

Þetta er sjötta einkasýning Guðbjargar en hún hefur einnig tekið þátt í samsýningum hér heima og erlendis.

Sýningin, sem er sölusýning, er opin frá kl. 12 til 18. Henni lýkur miðvikudaginn 7. október.